

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 1. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppur innheimtir gjald fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 1018/2009.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 160.000.

#### 3. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,10% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

#### 4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró kr. 7.090

#### 5. gr.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, greiðist skv. gjaldskrá losunaraðila fyrir hverja losun.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 20. nóvember 2013 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 12. desember 2013, er sett með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar nr. 1018/2009 um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 1271/2012.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 16. desember 2013.*

**Ingibjörg Harðardóttir** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2014